

**Reglugerð um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2012 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 10, og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 11, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 12, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 27 (2011) og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 28 (2011).**

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2013, frá 15. júlí 2013, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2012 frá 11. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 10, og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 11, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 12, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 27 (2011) og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 28 (2011).

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 1254/2012 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 56/2013, 10. október 2013 bls. 1058.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2013 er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. október 2013.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Valgerður Rún Benediktsdóttir.**

*Harpa Theodórsdóttir.*

## Fylgiskjal.

[Hlekkur á reglugerð með fylgiskjali á PDF formi.](#)

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.